

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 125/425
komudagur 8.12.1999

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

6. desember 1999

Tilvísun: 99110075


Frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 23. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið styður frumvarpið og þær breytingar sem lagðar eru til með því. Með frumvarpinu er skotið styrkari stoðum undir greiðslu kostnaðar við eftirlitið. Einnig er sjálfstæði Fjármálaeftirlitsins sem ríkisstofnunar undirstrikað, en um leið tryggt aðhald í rekstri þess.

Viðskiptaráðuneytið leitaði viðhorfa og liðsinnis Fjármálaeftirlitsins við vinnslu frumvarpsins. Telur Fjármálaeftirlitið ekki ástæðu til að fjalla frekar um frumvarpið eða gera við það athugasemdir, en er reiðubúið að liðsinna nefndinni frekar við vinnslu málsins, verði þess óskað.

Virðingarfyllst,


Páll Gunnar Pálsson

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ


Ragnar Hafliðason